

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

3. fundur 2024 (125. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 08.04.2024 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Valgerður B. Eggertsdóttir	"
Jón B. Guðnason	"
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

1. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Drög að vinnslutillögu

Lögð voru fram drög að vinnslutillögu endurskoðunar aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, dags. í apríl 2024. Drögin eru unnin af VSÓ Ráðgjöf og kynnti Stefán Gunnar Thors tillöguna.

Helstu forsendur tillögunnar eru:

- Þróun flugumferðar og uppfærðar farþegaspár
- Endurskoðun núverandi flugbrautakerfis
- Uppfærsla skiptingar skipulagssvæðisins í svokölluð A og B svæði í samræmi við fyrri ákvarðanir
- Endurskoðun landnotkunar innan skipulagssvæðisins, áætlaðs byggingarmagns og fyrirhugaðs Demantssvæðis í NA-horni vallarins
- Skoðun samgöngu- og veitukerfis í nærumhverfi flugvallarins
- Yfirferð áfangaskiptingar uppbyggingar
- Staðsetning efnisvinnslusvæða og geymslusvæðis fyrir mengaðan og ómengaðan jarðveg
- Skoðun samlegðar við þróunaráætlun Kadeco K64

Eftirfarandi atriði komu m.a. fram í umræðum skipulagsnefndarinnar um vinnslutillöguna:

- Flugbrautakerfið afkastar ekki núverandi flugumferð að mati fulltrúa Landhelgisgæslunnar
- Er unnt að dreifa flugumferð betur yfir sólarhringinn?
- Uppbygging og þróun flugvallarins þarf að vera í samræmi við stefnumótun stjórnvalda í samgöngum á hverjum tíma

- Samræma þarf afkastagetu Flugstöðvarinnar og flugbrautakerfis og annarra innviða
- Reikna þarf nýtingarstuðla mismunandi flugbrautakerfa út frá flugvélakosti innanlandsflugsins
- Meta þarf vindáhrif fyrirhugaðs Demantssvæðis á N/S og A/V flugbrautir
- Athuga þarf samkomulag milli innviðaráðuneytis og Reykjavíkurborgar varðandi NA/SV braut (07/25)

Vinnslutillagan verður áfram til umræðu á næsta fundi skipulagsnefndarinnar.

2. Fyrirhugað sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar. Kæra Isavia til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Lögð var fram til kynningar kæra Isavia, dags. 11.03.2024, til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar að fyrirhugað sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslu Íslands skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Krafist er þess að ákvörðun Skipulagsstofnunar verði felld ú gildi.

3. Framkvæmdaleyfi til handa Isavia vegna landmótunar á flugvallarsvæðinu. Endurnýjun

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 13.03.2024, varðandi endurnýjun framkvæmdaleyfis vegna landmótunar með 140.000 m³ efnis á Demantssvæði sem rann út 31.10.2022.

Skipulagsnefndin óskar eftir upplýsingum um lokafrágang fyrri svæða sem þegar hafa verið mótuð.

Málinu frestað.

4. Háaleitissvæði, deiliskipulagsbreyting, tillaga að nýrri lóð fyrir fjarskiptastarfsemi

Lögð var fram tillaga að nýrri lóð við Pétursvöll fyrir fjarskiptastarfsemi, dags. 21.03.2024. Um er að ræða allt að 30 m² tækjahús og allt að 30 m hátt fjarskiptamastur.

Skipulagsnefndin samþykkti að auglýsa breytinguna á deiliskipulagi í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar um.

5. Deiliskipulag vestursvæðis flugstöðvarsvæðis, breytingartillaga

Lögð voru fram drög til kynningar að breytingu á deiliskipulagi vestursvæðis flugstöðvarsvæðisins, dags. 20.03.2024. Um er að ræða stækkun á deiliskipulagssvæði, niðurfellingu lóða á fyrirhuguðu athafnasvæði, breytingu á umferðarkerfi norðan Flugstöðvar og aðlögun og fjölgun lóða fyrir bílastæðahús, auk annarra breytinga.

6. Ásbrú til framtíðar, rammahluti aðalskipulags

Lögð var fram tillaga að rammahluta aðalskipulags Reykjanesbæjar 2023-2035 fyrir Ásbrú á vinnslustigi, dags. í nóvember 2023.

Skipulagsnefndin vísar í umsögn sína um tillöguna frá fundi sínum þann 04.03.2024.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

7. **Bolafótur M11, aðalskipulagsbreyting. Beiðni um umsögn frá Reykjanesbæ**
Lögð var fram skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 fyrir íbúðabyggð við Bolafót, dags. 19.02.2024.

Skipulagsnefndin vekur athygli á að fyrirhuguð íbúðabyggð er í flugstefnu og verður að gera ráð fyrir hávaða vegna flugs yfir byggðinni.

Fulltrúi Reykjanesbæjar í skipulagsnefndinni vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

8. **Aðaltorg M12 aðalskipulagsbreyting. Beiðni um umsögn frá Reykjanesbæ**
Lögð var fram skipulags- og matslýsing fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað og íbúðum fjölgað um 450 á svæðinu.

Skipulagsnefndin vekur athygli á að fyrirhuguð íbúðabyggð er nálægt flugstefnu og verður að gera ráð fyrir hávaða vegna flugs nálægt byggðinni. Ennfremur er vakin athygli á að uppbygging í þessum mæli eykur álag á Reykjanesbraut til muna.

Fulltrúi Reykjanesbæjar í skipulagsnefndinni vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

8. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 6. maí 2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>